

Monday, 13 April 2026

Fundur Vestarr 13 apríl 2026

1. Ping HSH

Eigum fjóra fulltrúa. breytt lögum HSH. Fáum ekki greitt lóttóið nema fyrir heimamenn. Komum með tvo fulltrúa í stað fjóra.

2. Starfsfólk

Steinunn er tilbúin að vinna í skála. Jón Björgvin Jónsson og Páll Hilmar Guðmundsson eru almennir vinnumenn.

Formaðurinn verður mikið út á velli.

Mögulega verða fleiri til aðstoðar.

3. Skráning í Íslandsmót golfklúbba

Höfum til 1. maí til að borga okkur í Íslandsmót golfklúbba. Ætlum að klára það. Þrjú lið skráð á Íslandsmótið.

- 3. deild karla
- 4. deild karlar 50+
- 2. konur 50+

4. 2 deild kvenna 50+

GSÍ geta ekki gefið svar hvort þetta sé önnur eða þriðja deild fyrir en skráningu er lokið. Erum tilbúin til að halda aðra og þriðju deild. Þurfum að auglýsa eftir húsnæði fyrir keppendur. Helst 6-8 aðila sem geta hýst keppendur.

Ætlum að auglýsa eftir gistiplássum til leigu og fólk sendir hugmyndir á tölvupóst okkar. Leigjandi og leigusali munu ræða verð á milli sín. GVG verður einungis tengiliður.

5. staðan á vellinum

Setja inn á Vestarr viðburðir og GVG vefsíðu að völlurinn sé ekki opinn fyrir almenna umferð.

Bannað að slá inn á brautum, upphafsteigum og inn á flatir. Í raun reyna spila vetrargolf og halda sig við kargan.

Plægjum fyrir vatnskerfi eftir u.þ.b tvær vikur.

Þurfum að gata upphafsteigi og sanda þá. Vökva reglulega upphafsteigi sem eru upphækkaðir. Mögulega fara í það að lækka stallan fyrir upphafsteig á 4. holu, sem ætti

að koma í veg fyrir að sá teigur þorni upp.

6. **fríkort gsf**

Kominn tölvupóstur um fríkort GSÍ. Eigum 14 kort til að úthluta. Garðar kemur með nöfn.

7. **önnur mál**

Flöggun

Gott að hafa lista af fólki sem ætlar að flagga fánum fyrir Grundarfjarðarbæ og næsta manneskja tekur á móti fánunum.

Fyrirmyndarfélag - skráning

Skoða að skrá klúbbinn sem fyrirmyndarfélag hjá ÍSÍ. Skilar okkur fleiri styrkjum hjá ÍSÍ.

Barnastarf

Reyna að efla barnastarfið. Fá kennara í vor fyrir krakkana. Athuga með Andra og/eða Valdísi. Garðar talar við þau.

Mögulega hafa vordaga sem tengjast klúbbnum, bjóða upp á golfhermi fyrir krakkana. Hafa golfval í Grunnskólanum og hafa fullorðinn með þeim. Heyra í Evu Kristínu.

Vinavellir

Taka út Grindavík og setja inn Þorlákshöfn.

Garðar kemur með uppfærðan lista og Hallmar uppfærir vefsíðuna.

Uppfæra starfsmannalista

Holu yfirlit - uppfærðar myndir

Hallmar hannar myndir sem sýnir yfirlit af hverri holu með fjarlægðum, staðsetningu á vítasvæðum ofl.

Sólstöðumótið

Hafa 9 holur, ræsa út á öllum teigum kl 16:30. Þarf að keyra í að auglýsa.

20.000ISK og innifalin gleraugu.

Senda á Grundarfjarðarbæ fundargerð aðalfundar og ársreikning 2025

Klúbburinn ætlar að skoða að kaupa veðurstöð til að sýna rauntíma veðurupplýsingar á vef okkar

Sumardagurinn fyrsti er vinnudagur

Fáum gulan sand í glompur.

Hallmar vill færa sig yfir í vallarnefnd og Steinar frændi segir já

Kom ekkert út úr auglýsinga samstarfi við unglingana í FSN

Tilkynning frá nefndinni: Anna Mæja er búin að standa sig mjög vel